

1256. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 13. desember 2023, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Ragnar Þór Ingólfsson, Selma Björk Grétarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Halla Gunnarsdóttir, Jennifer Schröder, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Þórir Hilmarsson, Ævar Þór Magnússon, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Sigrún Guðmundsdóttir.

Fjarverandi: Þorvarður Bergmann Kjartansson.

Gestur fundarins: Victor Karl Magnússon, sérfræðingur hjá VR.

Næsti fundur: 10. janúar 2024.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, setti fundinn og bauð fólk velkomið. Gerðar voru breytingar á áður auglýstri dagskrá, liður 3 er nú 9 mánaða uppgjör VR, liður 4 er nú Kostnaður við umönnunarbilið, liður 5 er Kjaramál – staðan, liður 11 er Kaup á orlofshúsi í Hraunborgum, liður 12 er Samningur við arkitekta vegna aðildar að Sjúkrasjóði VR og liður 13 er Starfsáætlun stjórnar VR 2024. Þá lagði Ragnar til að lið #5, 9 mánaða uppgjör VR, verði flýtt og verði liður #2. Engar athugasemdir bárust við þessar breytingar. Aðrir liðir hliðrast til sem þessu nemur.

Þá óskaði Ragnar Þór eftir samþykki við að lengja fundartímann til kl. 22:0 í ljósi þess að dagskráin er löng. Engar athugasemdir bárust.

Dagskrá:

1. Fundargerðir 1254. og 1255. stjórnarfunda VR lagðar fram til samþykktar.

Lagðar voru fyrir fundinn fundargerðir 1254. og 1255. stjórnarfunda VR til samþykktar.

Fundargerðirnar voru samþykktar og undirritaðar.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir og Halla Gunnarsdóttir mættu á fundinn um kl. 17:37.



2. Samþykkt milli funda. Aðgerðir vegna breytinga á lánsþæfismati hjá Creditinfo

Á milli funda var samþykkt í tölvupósti að birta grein sem rituð var í nafni VR og Neytendasamtakanna og birt var opinberlega þar sem breytingum á lánsþæfismati hjá Creditinfo var breytt, m.a. tímalengd mats. Samþykktin er nú bókuð í fundargerð. Greinin er birt hér að neðan í heild sinni:

Creditinfo á svig við starfsleyfi?

Meðferð Creditinfo á viðkvæmum persónuupplýsingum um fjárhag einstaklinga gæti farið á svig við lög og starfsleyfi fjárhagsupplýsingafyrirtækisins, að mati Neytendasamtakanna og VR. Hafa samtökin því sent Persónuvernd erindi þess efnis og óskað eftir flýtimeðferð. Breytingarnar hafa haft stórkostlegar, víðtækar og skyndilegar afleiðingar fyrir 40% Íslendinga samkvæmt fréttaflokkningi. Fjöldi fólks hefur hefur misst lánsheimildir og lánstraust hjá lánveitendum, ekki vegna breytinga á eigin högum, heldur vegna breytinga hjá Creditinfo. Fyrirtækið gætti ekki meðalhófs í aðgerðum sínum, veitti fólki ekki upplýsingar um þær fyrirfram, né gaf kost á andmælum.

Neytendasamtökin og VR kalla eftir því að stjórnvöld hafi eftirlit með og láti gera úttekt á virkni lánsþæfismats Creditinfo. Neytendasamtökin hafa lengi bent á að ekkert eftirlit er með því hvernig lánsþæfismat er reiknað út og hvaða breytur stjórnin því nákvæmlega hvers vegna tiltekinn aðili fellur um flokk svo dæmi sé tekið, nú eða færast upp um flokk.

Við nýlegar breytingar Creditinfo færðust að sögn 40% þjóðarinnar um lánsþæfisflokk. Það eitt og sér gefur tilefni til að ætla að pottur sé brotinn í gerð lánsþæfismats hjá Creditinfo. Úr því fæst ekki skorið nema með úttekt óháðs aðila og virku eftirliti. Þá virðist fólk ekki hafa verið látið vita um að það yrði fært á milli flokka nú þegar Creditinfo ákveður að breyta um verklag. Fyrir marga neytendur getur það haft alvarlegar afleiðingar að færast niður um lánsþæfisflokk. Benda samtökin á að framúrskarandi fyrirtæki hefði sýnt þá kurteisni að láta fólk vita með góðum fyrirvara og gefið fólki kost á að andmæla.

Neytendasamtökin og VR vekja athygli á að nýlega sektaði Persónuvernd Creditinfo, sem var gert að greiða tæpar 38 milljónir króna fyrir að hafa skráð fólk ranglega á vanskilaskrá. Neytendasamtökin og VR eru að kanna bótarétt þess fólks og hvetja fólk sem var skráð að vanskilaskrá vegna smálána að setja sig í samband við Neytendasamtökin.

Samkvæmt 2. mgr. 12. greinar reglugerðar 606/2023 um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust ber fyrirtækinu að veita upplýsingar um vægi einstakra breytna við útreikning á líkindum í skýrslu um lánsþæfi hans og þau rök sem liggja þar að baki. Því benda samtökin fólki á að biðja um þessi gögn. Hægt er að senda álíka bréf og þetta til creditinfo@creditinfo.is:

Góðan dag

Ég óska eftir öllum upplýsingum sem Creditinfo notar til að reikna út lánshæfismat mitt, þar með talið upplýsingar um vægi einstakra breytna við útreikning á líkindum í skýrslu um lánshæfi mitt og þau rök sem liggja þar að baki.

Virðingarfyllst,

(Nafn, kennitala)

Neytendasamtökin og VR hvetja neytendur að afla allra gagna sem þau geta og vista, þ.m.t. um eldri skráningu á vanskilaskrá (ef við á), afrit af hinu nýja lánshæfismati (og eldra), öllum samskiptum við Creditinfo o.s.frv. Telji neytendur á sér brotið geta þeir leitað til Neytendasamtakanna með því að senda umræddu gögn til skoðunar.

Sé þessi vinnsla Creditinfo ekki óheimil munu Neytendasamtökin beita sér fyrir reglugerðar- og lagabreytingum eftir því sem við á. Þá minna samtökin á að vinnsla lánshæfismats þarf að vera málefnaleg og gefa rétta mynd af lánshæfi. Lækkun lánshæfis sem byggir ekki á réttlátum, málefnalegum og áreiðanlegum gögnum gefur ekki rétta mynd af stöðu og lánshæfi.

3. 9 mánaða uppgjör VR

Fyrir fundinum lágu skjölin „Lykiltölur jan-sept 2023“, „Efnahagur á sjóði 30. september 2023“, „Rekstur sjóða VR janúar til september 2023“ og „Samstæða janúar til september 2023“ til kynningar.

Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR, fór yfir helstu atriði í rekstri félagsins fyrstu níu mánuði ársins 2023 og birti helstu lykiltölur rekstrar og samstæðu VR janúar til september.

Stefán benti á að félagsfólki hafi fjölgað um 4,1% frá sama tímabili árið 2022 og afgangi og símtölum hafi fjölgað meira eða um og yfir 20%. Nokkur fjölgun er á heimsóknnum á Mínar síður á vefnum og að auki er umtalsverð notkun á nýrri þjónustu, vefspjalli. Fyrstu níu mánuðina notuðu 3.759 spjallið og er ljóst að það er ekki að taka frá símtölum eða tölvupóstum, því aukning var í hvoru tveggja. Fjöldi kjaramála er svipaður milli ára.

Stefán sagði félagið nánast á áætlun hvað varðar tekjur sem voru um 4,5 ma.kr. en gjöld voru um 4,2 ma.kr. sem er um 266 m.kr. hærra en á sama tímabili í fyrra. Rekstrartekjur umfram gjöld voru 344 m.kr. og hreinar tekjur til ráðstöfunar 537 m.kr.

Stefán sagði sjúkradagpeninga nema 1,7 ma.kr. sem er umtalsverð aukning frá sama tímabili í fyrra eða um 280 m.kr. Aukning í greiðslu sjúkradagpeninga er stærsta skýring á rekstrarniðurstöðu félagsins.

Umræður



4. Kostnaður við umönnunarbilið

Fyrir fundinum lá skjalið „Tekjuskerðing foreldra“ til kynningar.

Victor Karl Magnússon, sérfræðingur á skrifstofu framkvæmdastjóra VR, kynnti á glærum greiningu félagsins á kostnaði foreldra við fæðingarorlof, umönnunarbíl og leikskóla barna sinna en hún var gerð í tengslum við morgunverðarfund VR í nóvember um sama málefni.

Í máli Victors kom fram að tekjuskerðing foreldra vegna barna fram að grunnskólaaldri getur numið milljónum króna. Hann tók dæmi um fjölskyldu þar sem báðir aðilar eru með miðgildi launa félagsfólks VR eða 768 þ.kr. skv. launarannsókn félagsins. Í fæðingarorlofi fá foreldrar 80% launa en að hámarki 600 þ.kr. á mánuði sem þýðir að foreldrarnir í dæminu ná ekki 80% launa í sínu orlofi. Útborguð laun þeirra verða 430 þ.kr. í stað 530 þ.kr. Tekjuskerðing á einu ári nemur 1,2 m.kr.

Að fæðingarorlofi loknu tekur við umönnunarbíl sem er að meðaltali 5,5 mánuðir. Í dæminu sem Victor tók er gert ráð fyrir að foreldrarnir fái gæslu 2 daga. Tekjuskerðing þeirra á tímabilinu er um 1,5 m.kr. Samtals skerðast tekjur foreldranna um 2,7 m.kr. eftir skatt. Kostnaður við leikskóladvöl barna hefur hækkað og í dæmi Victors er kostnaður við leikskóladvöl í átta tíma í Kópavogi rúmlega 600 þ.kr. á ári. Þá benti Victor á að kostnaður foreldra felst ekki bara í tekjuskerðingu heldur einnig í orlofsdögum en margir foreldrar koma á vinnumarkað að loknu umönnunarbili með enga orlofsdaga eftir.

Aðgerðir til að bregðast við geta m.a. verið að hækka tekjumark fæðingarorlofssjóðs, að umönnunarbilið verði brúað með aðkomu stjórnvalda, að hækkanir á leikskólagjöldum verði endurskoðaðar og að almennur orlofsréttur verði útvíkkaður eins og krafa er gerð í kröfugerð félagsins í komandi kjarasamningum.

Umræður

Í umræðum lagði Halla Gunnarsdóttir fram tillögu að því að VR fylgi eftir þessari greiningu og þeim umræðum sem urðu á morgunverðarfundum félagsins í nóvember með því að bjóða félagsfólki á umræðufundi á Teams, heyra beint í félagsfólk. Þetta sé stórt efnahagsmál sem snerti á mörgum þáttum í þjóðfélaginu, jafnréttismálum, launamálum, atvinnuþátttöku kvenna o.m.fl. VR eigi að setja þessi mál á oddinn og beita sér fyrir því að sama verði gert innan Alþýðusambandsins.

Ragnar Þór beindi því til þróunarsviðs félagsins að undirbúa umræðufundi.

Victor Karl fór af fundi kl. 18:10.

5. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór fjallaði um stöðuna í kjaramálum og -viðræðum. Fundað hefur verið stíft innan verkalyðshreyfingarinnar til að ná hópnum saman. Vinnufundir hreyfingarinnar hafa verið í vikunni, mánudag – miðvikudag og áfram verður fundað eftir helgi.

Rætt hefur verið um hugmyndafræðina og forsendur nýs samnings og hafa þær umræður gengið vel. Launaliður samningsins og hugmyndafræði hans byggja á því að keyra niður verðbólgu og lækka vexti, ekki beint á því að fjölga krónum í launaumslaginu. Áherslan verði frekar á að efla tilfærsluferfin og að þau nái til fleiri. Ragnar sagði hópinn nokkuð sammála um rammann að hugmyndafræðinni en að enn eigi eftir að ræða launatölurnar sjálfar.

Stefán fór því næst yfir vinnuskjöl varðandi tilfærslukerfin og launaliðinn sem og möguleg forsenduákvæði. Um er að ræða drög að hugmyndum um breytingar á kerfunum og áhrif þeirra á einstaklinga og fjölskyldur.

Ragnar Þór sagði að áhersla yrði lögð á að halda vinnunni áfram næstu daga og að hugsanlega yrði kallað til samninganefndarfundar fljótlega eftir helgi.

Umræður

6. Starfs- og fjárhagsáætlun 2024

Í máli fundarins lágu skjölin „Starfsáætlun stjórnar VR 2024“ til kynningar og „Rekstraráætlun VR samstæða 2024- desember“, „Rekstraráætlun VR á sjóði 2021 – desember“ og „Starfsáætlun VR árið 2024 – desember“ til afgreiðslu.

Stefán sagði engar athugasemdir hafa borist við fjárhagsáætlun félagsins en hún lá á milli funda.

Umræður

Að loknum umræðum voru áætlanir bornar upp til atkvæða og samþykktar samhljóða.

7. Starfsreglur Sjúkrasjóðs VR – tillögur að breytingum

Fyrir fundinum lá skjalið „Tillögur að breytingum á starfsreglum Sjúkrasjóðs VR des 2023“ til afgreiðslu.

Stefán sagði hér um að ræða 3 breytingatillögur. Sú fyrsta snertir gr. 2.1 og skerpir á rétti einyrkja en gerð er krafa um að framvísað sé læknisvottorði hjá sjálfstætt starfandi félögum til að staðfesta hvenær rétti til launa í veikindum lýkur.

Önnur tillagan gerir ráð fyrir nýju ákvæði í starfsreglunum þar sem kveðið er á um rétt til dagpeninga á grundvelli laga nr. 77/2022 um sorgarleyfi en lögin taka til foreldra / forsjáraðila á vinnumarkaði sem missa barn yngar en 18 ára.

Þriðja tillagan snýr að uppfærslu á starfsreglum samkvæmt samþykkt stjórnar þann 8. desember um breytingar á dánarbótum.

Hér má sjá tillögurnar með breytingum (breytingar og nýtt ákvæði rauðmerkt).

2. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar

2.1. Sjúkrasjóður VR greiðir sjúkra- eða slysadagpeninga ef félagsmaður verður, sökum veikinda eða slysa, óvinnufær og launatekjur hafa fallið niður. Veikindaréttur hjá atvinnurekanda, samkvæmt kjarasamningi, þarf að vera fullnýttur. Þó er heimilt að greiða sjúkradagpeninga þeim sem fara í áfengis- eða vímuefnameðferð, án þess að þeir hafi klárað veikindarétt hjá atvinnurekanda. Sjálfstætt starfandi í VR njóta sama réttar í veikindum og almennir launamenn og þurfa einnig að klára veikindarétt hjá eigin rekstri áður en þeir fá greiðslur úr Sjúkrasjóði VR. **Framvísa þarf læknisvottorði þess efnis að óvinnufærni hafi varað á þeim tíma sem eigin veikindaréttur var nýttur.** Heimilt er að tekjutengja sjúkradagpeninga við meðallaun. Ekki er heimilt að greiða sjúkradagpeninga samhliða námi sem hefst eftir að bótatímabil er hafið.

2. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar

Lagt er til að ný grein, 2.4, komi fyrir neðan umfjöllun um framlengt fæðingarorlof (2.3) og númer annarra greina breytist í samræmi við það.

Foreldrar sem verða fyrir að missa barn yngra en 18 ára eiga rétt á Sorgarleyfi skv. lögum nr. 77/2022. Ef sótt er um sjúkradagpeninga á grundvelli þess að óvinnufærni stafi af missi barns undir 18 ára aldri er nauðsynlegt að hafa nýtt rétt til Sorgarleyfis áður til greiðslu sjúkradagpeninga kemur.

3. gr. Dánarbætur

3.1 VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgilds félagsfólks og barna þeirra. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði. Dánarbætur vegna þeirra sem verið er að greiða fyrir til Sjúkrasjóðs VR við dauðsfall eru:

1. Ef hinn látni var giftur greiðast bætur til maka **kr. 712.000,-** Ef hinn látni var ógiftur greiðist **kr. 712.000,-** til þess aðila sem staðfest er að greiðir fyrir úför.

2. Ef hinn látni lætur eftir sig barn (kjör- eða fósturbarn) yngra en 18 ára greiðast vegna hvers barns **kr. 800.000,-** til þess sem sannarlega hefur barnið á sínu framfæri.

3. Að auki greiðist upphæð sem svarar til inneignar viðkomandi í VR varasjóði.

3.2 Heimilt er að greiða dánarbætur vegna þeirra sem látið hafa af störfum við 60 ára aldur eða síðar hafi það verið fullgilt félagsfólk í samfelld 5 ár áður en það lét af störfum.

Dánarbætur eldra félagsfólks eins og það er skilgreint í 3. laga VR eru sem hér segir:

Mánuðir frá því að félagsfólk varð eldri félagar:

1-12 mánuðir kr. 712.000,-
13-24 mánuðir kr. 569.600,-
25-36 mánuðir kr. 498.400,-
37-48 mánuðir kr. 427.200,-
49-60 mánuðir kr. 356.000,-
60 mánuðir eða meira 350.000 kr.

3.3 Dánarbætur vegna barna félagsfólks yngri en 18 ára eru **712.000 kr.**

3.4 Réttthafar dánarbóta:

1. Eftirlifandi maki.
2. Börn hins látna eða sá sem annast framfærslu barna að fullu.
3. Aðrir ef þeir bera kostnað af útför.
4. Dánarbætur barna félagsfólks. Réttthafi dánarbóta er félagsmaður sem missir barn sitt.

Tillögurnar bornar upp og samþykktar.

8. Erindi frá Neytendasamtökunum vegna mála hjá Creditinfo

Fyrir fundinum lá skjalið „Styrkbeiðni frá NS vegna CINFO“ til afgreiðslu.

Neytendasamtökin sendu beiðni um stuðning VR við að leita réttar neytenda sem hafa orðið fyrir skertu lánsþæfismati vegna nýrrar vinnuaðferðar Creditinfo við gerð lánsþæfismats. Óskað er eftir kr 1.250 þ.kr.

Umræður

Ragnar Þór lagði fyrir fundinn að umsóknin yrði samþykkt.

Samþykkt með tveimur hjásetum.

9. Dreifing á VR blaðinu

Fyrir fundinum lá skjalið „Þökkun á VR blaðinu minnisblað“ til afgreiðslu.

Stefán fór yfir að VR blaðið er nú sent til félagsfólks, áritað með nafni og heimilisfangi viðtakanda, án þess að vera pakkað inn í plast. Fyrir nokkrum árum var blaðið pakkað inn í grátt plast svo að innihaldið sæist ekki en stéttarfélagsaðild telst til viðkvæmra persónuupplýsinga. VR barst nýlega erindi frá VR félagi þar sem gerð var athugasemd við að blaðið væri ekki pakkað inn og að sá sem ber út eða flokkar póst sér að viðkomandi sem fær blaðið sé í VR.

Umræður

Í umræðum kom fram ósk um að fá upplýsingar um lestur blaðsins í hvaða formi sem það er gefið út og því dreift. Jafnframt kom fram ósk um upplýsingar um dagatal VR.

Að umræðum loknum samþykkti stjórn samhljóða að dreifing á VR blaðinu yrði með óbreyttu sniði frá því sem nú er.

10. Skipun í kjörstjórn VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Skipun í kjörstjórn 2024 minnisblað“ til afgreiðslu.

Stefán fór yfir að VR hefur lengst af skipað í kjörstjórn til eins árs í senn og er skipan allajafna samþykkt á fundi í desember. Á fundi sínum í janúar 2023 samþykkti stjórn hins vegar að skipað verði í kjörstjórn til tveggja ára í senn.

Lögð fyrir fundinn tillaga er um að eftirtaldir verði skipaðir kjörtímabilið 2024 – 2026:

Aðalmenn:

Þóra Skúladóttir Öfjörð, Vörubílastöðin Þróttur.
Þorsteinn Þórólfsson, Húsasmiðjan

Varamenn:

Stefán Viðar Egilsson, Tengi ehf.
Silja Hlín Guðbjörnsdóttir, Nordic Visitor hf.

Í samræmi við 19. gr. laga VR var jafnframt lagt til að leitað verði til ASÍ með að skipa einn aðalmann og einn til vara í kjörstjórn VR.

Samþykkt samhljóða.

11. Kaup á orlofshúsi í Hraunborgum

Fyrir fundinum lá skjalið „Hraunborgir samþ. kauptilboð“ til afgreiðslu.

Stefán fór yfir kauptilboð VR í orlofshús í Hraunborgum. Félagið á þegar fyrir 2 hús á svæðinu. Orlofsstjórn hefur samþykkt kauptilboð í húsið með fyrirvara um samþykki stjórnar, kaupverð er 56 m.kr.

Umræður

Stjórn samþykkti samhljóða og veitti skriflegt umboð sitt til kaupanna.



12. Samningur við arkitekta vegna aðildar að Sjúkrasjóði VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Samkomulag VR við arkitekta undirritað“ til afgreiðslu.

Stefán sagði að undirritað hafi verið samkomulag um uppgjör við arkitekta vegna aðildar þeirra að Sjúkrasjóði VR og vísaði í umræður um málið á fundi stjórnar 8. nóvember. Skrifað var undir samning með fyrirvara um samþykki stjórnar.

Samningurinn lagður fyrir stjórn og samþykktur samhljóða.

13. Starfsáætlun stjórnar 2024

Skjalið „Starfsáætlun stjórnar VR 2024“ til kynningar.

Stefán fór yfir starfsáætlun stjórnar 2024 en stjórn fundar almennt annan miðvikudag í mánuði. Stefán benti á að apríl fundur stjórnar yrði fyrr en reynt er að hafa þann fund eins fljótt og auðið er eftir stjórnarkosningar.

Stefán benti einnig á að aðalfundur VR haldinn verður 21. mars og þing ASÍ dagana 16. – 18. október.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:30.